


2. **Lánamarkaður með verðbréf eflir skoðanaskipti á markaði.** Styðja má það fræðilegum rökum að lánamarkaður geri verðmyndun á hlutabréfamarkaði skilvirkari og dragi úr líkum á verðbólum og þeim djúpu lægðum sem þeim fylgja. Lánamarkaður gerir skortstöður mögulegar og fjárfestum því kleift að taka stöður í markaðnum hvort sem þeir trúa því að hann sé yfir- eða undirverðlagður. Stöðug skoðanaskipti af þessum toga draga úr líkum á því að verðmyndun á markaði verði óraunhæf í aðra hvora áttina. Þess má geta í þessu sambandi að t.d. breska fjármálaeftirlitið hefur talið slík skoðanaskipti mikilvæg fyrir skilvirkni verðbréfamarkaðar.
3. **Samræming við þróaða erlenda markaði er nauðsynleg.** Kauphöllin hefur á undanförmum árum unnið að því ásamt stjórnvöldum og markaðsaðilum að samræma umhverfi verðbréfavíðskipta hér á landi við það sem almennt gerist erlendis enda hefur Kauphöllin talið það forsendu aukinnar þátttöku erlendra aðila á íslenskum verðbréfamarkaði. Aukin þátttaka erlendra fjárfesta á markaði hér er mikilvæg fyrirtækjum sem hafa verðbréf sín í víðskiptum í Kauphöllinni. Hún gerir þau sýnilegri en ella og auðveldar aðgengi þeirra að fjármagni. Jafnframt getur hún aukið víðskipti til mikilla muna. Kauphöllin hefur orðið þess áþreifanlega vör undanfarin ár að íslensk sérkenni fæla fjárfesta frá markaðnum, ekki síst ef þau hafa á sér yfirbragð víðskiptahindrana sem þekkjast ekki á öðrum þróuðum mörkuðum. Brýnt er að skekka ekki stöðu íslenska markaðarins að ósekju í harðri alþjóðlegri samkeppni um skráð félög.
4. **Lánamarkaður með verðbréf eykur öryggi í uppgjöri víðskipta.** Víðskipti erlendra aðila á íslenskum hlutabréfamarkaði eru heldur vaxandi þótt enn sem komið er séu þau ekki mikil. Hér eins og víðast hvar annars staðar eru það helst erlendir aðilar sem geta öðru hvoru lent í vandræðum með uppgjör víðskipta á réttum tíma – yfirleitt af tæknilegum ástæðum. Það eykur öryggi í uppgjöri verulega ef hægt er að fá verðbréf lánuð með skömmum fyrirvara við slíkar aðstæður til fullnustu uppgjörs.
5. **Verðbréfalán skapa lífeyrissjóðum auknar tekjur.** Lífeyrissjóðir eiga mikið af hlutabréfum og skuldabréfum sem væru eftirsótt til lántöku. Árlegar tekjur lífeyrissjóða af verðbréfalánnum gætu numið hundruðum milljóna jafnvel þótt þeir nýttu ekki til lánveitinga nema hluta þeirra heimilda sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Engin ástæða er fyrir íslenska lífeyrisþega til að fara á mis við þá fjármuni. Hér verður einnig að hafa í hug að frumvarpið leggur til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að lána verðbréf sín en ekki er um skyldu að ræða. Lífeyrissjóðum verður því í sjálfsvald sett hvort þeir muni nýta sér þessa heimild, verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinnún Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.